FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL
113536-FUN-01-V01

VERKHEITI
Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði, endurbætur á þaki.

DAGS. / TÍMI FUNDAR
22.09.2026 / 14:30

VERKKAUPI
Stjórnsýsluhús á Ísafirði, kt;530787-2659

NR. FUNDAR
1

FUNDAREFNI
Endurbætur á þaki, verkfundur

FUNDARGERÐ
SOS/ 22.09.2026

FUNDARBOÐARI
All Verk ehf

FUNDARSTAÐUR
Bæjarskrifstofur, fundarherb 2.hæð

FUNDARMENN	FYRIRTÆKI
Bryndís Ósk Jónsdóttir (BÓJ)	Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði
Björgvin Jónsson (BJ)	All Verk ehf
Silviu Rotariu (SR)	All Verk ehf
Samúel Orri Stefánsson (SOS)	EFLA hf

FJARVERANDI	FYRIRTÆKI
Einar Birkir Sveinbjörnsson (EBS)	EFLA hf

DREIFING	FYRIRTÆKI
Tölvupóstur	EFLA hf

FUNDARSKJÖL	NÆSTI FUNDUR
Fundargerð	6.10.2026

Fundargerð síðasta verkfundar

- Á ekki við

Öryggi á verkstað, öryggi, heilbrigði og umhverfisáætlun

- Verktaki hefur skilað inn ÖHU áætlun
- Vinnusvæði-tryggja öryggi vegfarenda um mannvirkið á meðan á framkvæmdum stendur. Verktaki mun girða svæðið af. Verkkaupi mun senda tilkynningu á starfsfólk hússins
- Staðsetning á vinnuskúr (aðstöðu), gert ráð fyrir ruslagámi á bílastæði byggingar á suðvesturhorni
- Áhættugreining frá verktaka. Verktaki mun skila inn áhættugreiningu fyrir verkbyrjun
- Fallvarnir, verða settar upp í upphafi verks

Verksamningur

- Verksamningur undirritaður og verktaki mun skila inn verkábyrgð á næstu dögum.

Samningsgögn

- Samningur byggir á útboðsgögnum fyrir Stjórnsýsluhús á Ísafirði - endurbætur á þaki. Útboðsgögn hafa verið send verktaka.
  Verktaki hefur lagt fram tilboð að upphæð 42.764.200 kr m/vsk.

Skilagögn verktaka og hönnunarrýni

Á ekki við

Efni og búnaður sem verkkaupi leggur til

Á ekki við.

Efni sem verktaki leggur til

Samkvæmt útboðsgögnum og verklýsingu.

Verkáætlun

Verktaki mun skila inn uppfærðri verkáætlun þar sem að verk er ekki enn hafið.

Fyrirspurn verktaka varðandi seinkun á verkefni.

Tveir kostir ræddir:

1. Seinka verkbyrjun fram til 1.mai 2027.
2. Hefja verkefni í haust 2026, taka hluta þaks fyrir í einu, koma niður vatnsvarnarlagi og leggja plötur þegar veður er hagstætt, mögulega seinkar verklokum þá lengra inn í veturinn. Verkkaupi bendir á að félagið þurfi að nýta pening í verkefnið á þessu ári.

Verkkaupi vill að haldið verði áfram með kost 2.

Verkstjórnendur verktaka

Verkefnisstjóri:

Björgvin Jónsson, All Verk ehf, bjorgvin@allverk.is. Sími 616-9950.

Undirverktakar

Rafverk AG

Eftirlit og umsjónarmaður verksamnings

EFLA sinnir verkeftirliti í verkinu. Verkefnastjóri fyrir hönd EFLU er

Samúel Orri Stefánsson (samuel.orri.stefansson@efla.is) Sími:412-6112

Almennt eftirlit á verkstað fyrir hönd EFLU:

Einar Birkir Sveinbjörnsson (einar.birkir.sveinbjornsson@efla.is)

Verkfræðihönnun

EFLA hf

Verkefnisstjóri verkkaupa

Verkefnisstjóri verkkaupa er: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bryndis@isafjordur.is

Gögn afhent verktaka

Verktaki hefur fengið afhend útboðsgögn.

Framvinda frá síðasta verkfundi

Á ekki við þar sem að þetta er 1.verkfundur

Framvinda fram að næsta verkfundi

- Setja upp girðingar við mannvirki.
- Byrja að fjarlægja núverandi þakefni, koma fyrir ruslagám á bílastæði við suðvestur horn hússins
- Verktaki sendir inn uppfærða verkáætlun

Framvindureikningar

Framvinda ekki hafin.

Mælingar / úttektir

Efla hf mun sinna úttektum eftir framvindu verks.

Önnur mál

- Verktaki spyr um endurnýjun á borðaklæðningu:
  Í gögnum er gert ráð fyrir að skipta um alla borðaklæðningu, verður metið af eftirlitsmanni þegar kemur að verkþætti

Næsti verkfundur verður þriðjudaginn 6.október kl:14:30.

Fundi slitið kl:15:30

Ritari: Samúel Orri Stefánsson, EFLA hf